



25. október 2023

SKATTAHVATAR RANNSÓKNA OG ÞRÓUNAR AUKA FRAMLEIÐNI OG BÆTA LÍFSKJÖR


- Skattfrádráttur, eða skattahvatar, rannsókna og þróunar (R&P) leiðir til aukinna fjárfestinga í nýsköpun í iðnaði og hærri framleiðni sem eflir og bætir lífskjör á Íslandi.
- Með þessum skattahvötum hefur verðmætasköpun aukist, verðmætum störfum fjölgað og þeir hafa leyst úr læðingi krafta hugverkaiðnaðar. Þeir hafa þannig rækilega sannað gildi sitt og er að mati Samtaka iðnaðarins (SI) mikilvægt að þeir verði festir í sessi.
- Á síðasta ári rann yfir 90% af framlögum ríkisins vegna R&P til iðnfyrirtækja sem endurspeglar þá staðreynd að nýsköpun á sér fyrst og fremst stað í iðnaði þó afrakstur nýsköpunar sé hagnýttur í flestöllum atvinnugreinum og á flestum sviðum samfélagsins.
- Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar hafa tvöfaldast á fimm árum og námu árið 2022 um 240 milljörðum kr. Útflutningstekjur greinarinnar jukust um tæplega 17% á fyrri helmingi þessa árs og stefnir í að þær verði 280 milljarðar kr. á árinu. Gangi það eftir hefur greinin þrefaldað útflutningsverðmæti sitt á einum áratug.
- Heildarfjárfesting í R&P hefur vaxið undanfarin ár samhliða hærri skattahvötum og nam 2,8% af vergri landsframleiðslu (VLF) á árinu 2021. Hlutfallið var 2,0% árið 2018. Meirihluti þess fjár kemur frá fyrirtækjum.
- Í nýlegri skýrslu OECD um íslenskt efnahagslíf kemur fram að aukning skattahvata fyrir R&P hafi haft jákvæð áhrif á fjárfestingar fyrirtækja í R&P hér á landi, á umfang og afkomu fyrirtækja og leitt til fjölgunar verðmætra starfa. Að mati OECD er þetta jákvæð þróun þar sem hagsæld þjóða til lengri tíma helst í hendur við fjárfestingu í R&P.
- Framlag ríkisins vegna skattahvata nam um 3 mö.kr. árið 2018 en á sama tíma vörðu fyrirtæki 37 mö.kr í fjárfestingu í R&P. Árið 2021 nam framlag ríkisins 10 mö.kr. og fjárfesting fyrirtækja í R&P rúmlega 65 mö.kr.
- Í fjárlagafrumvarpi 2024 er áætlað að framlag ríkisins vegna R&P verði 15 milljarðar kr. árið 2024. Þetta endurspeglar væntingar um að fjárfesting fyrirtækja í R&P haldi áfram að aukast.

SKATTAVATAR VEGNA FJÁRFESTINGA Í R&P AUKA VERÐMÆTASKÖPUN

Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar hafa tvöfaldast á fimm árum og námu árið 2022 um 240 milljörðum kr. Útflutningur greinarinnar nam 121 milljarði kr. á fyrri helmingi þessa árs samanborið við tæplega 104 milljarða kr. á sama tíma í fyrra. Um er að ræða tæplega 17% aukningu. Ef gert er ráð fyrir sama vexti á seinni helmingi árs verða útflutningsverðmæti greinarinnar nær 280 milljarðar kr. á árinu. Gangi það eftir hefur útflutningsverðmæti greinarinnar þrefaldast á einum áratug. Mikill framtíðarvöxtur er jafnframt í kortunum¹. Ríflega 18 þúsund manns starfa nú í hugverkaiðnaði hér á landi í fjölbreyttum og verðmætum störfum um allt land. Auðlind hugverkaiðnaðar er fyrst og fremst nýsköpun sem á rætur að rekja til fjárfestinga í R&P. SI hafa bent á það um árabíl að fjárfesting í nýsköpun er lykillinn að framléiðnivexti og framtíðarverðmætasköpun hagkerfisins. Auk þess er áhersla á nýsköpun, þ.e.a.s. öflugt rannsókn- og þróunarstarf, forsenda þess að leysa samfélagslegar áskoranir, til að mynda í loftslagsmálum og heilbrigðisþjónustu.

Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar

Í milljörðum króna




Heimild: Hagstofa Íslands

IÐNFYRIRTÆKI MEÐ YFIR 90% FJÁRFESTINGA Í R&P

Árið 2020 voru skattavatar vegna R&P auknir sem hefur leyst krafta hugverkaiðnaðar úr læðingi. Á síðasta ári rann 93% af framlögum ríkisins vegna R&P til iðnfyrirtækja sem endurspeglar þá staðreynd að nýsköpun á sér fyrst og fremst stað í iðnaði þó afrakstur nýsköpunar sé hagnýttur í flestum atvinnugreinum og sviðum samfélagsins.

¹ [Vaxtatækifæri hagkerfisins í öflugum iðnaði](#)

Hlutdeild iðnaðar í ívilnunum vegna fjárfestinga fyrirtækja í R&P




Heimild: [Skatturinn](#)

MIKILVÆGT AÐ FESTA SKATTAHVATA VEGNA R&P VARANLEGA Í SESSI

SI leggja ríka áherslu á að skattahvatar vegna R&P verði festir í sessi varanlega en fyrirtæki gera áætlanir langt fram í tímann og því mikilvægt að skapa fyrirsjáanleika um þetta mikilvæga hvatakerfi.

Útgjöld til R&P sem hlutfall af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands

Skattahvatar vegna fjárfestinga í R&P er eitt af mikilvægustu tækjum ríkisins til að hafa áhrif á framtíðarhagvöxt og verðmætasköpun. Í nýlegri skýrslu OECD um íslenskt efnahagslíf kemur fram að aukning skattahvata fyrir R&P hafi haft jákvæð áhrif á fjárfestingar fyrirtækja í R&P hér á landi. Samkvæmt OECD hafa hvatarnir haft jákvæð áhrif á umfang og afkomu fyrirtækja á þessu sviði hér á landi, leitt til fjölgunar verðmættra starfa og tryggt betri launakjör fyrir starfsfólk. Að mati OECD er þetta jákvætt þar sem hagsæld þjóða til lengri tíma helst í hendur við fjárfestingu í R&P, með öðrum orðum í nýsköpun.²

² [OECD Economic Surveys Iceland, June 2023](#)

OECD bendir á að fjárfestingar í R&P hafi vaxið undanfarin ár samhliða auknum skattahvötum og nam 2,8% af VLF á árinu 2021. Til samanburðar var hlutfallið 2,0% árið 2018. Aukningin stafar eingöngu af auknum fjárfestingum fyrirtækja í R&P. Þetta er jákvæð þróun en um nokkurt skeið hefur það verið markmið íslenskra stjórnvalda að fjárfesting í R&P í hagkerfinu aukist. Hlutfallið er hærra hér á landi en í flestum ríkjum OECD.


FJÁRFESTING FYRIRTÆKJA Í R&P HELST Í HENDUR VIÐ SKATTAHVATA

Fjárfesting í R&P hefur á undanförunum árum vaxið í þeim löndum sem Ísland ber sig gjarnan saman við. Lönd á borð við Svíþjóð, Þýskaland, Belgíu og Austurríki hafa nú þegar náð því marki að fjárfesting í R&P nemi 3,0% af VLF og sett markmið enn hærra. Endurspeglar þetta aukna áherslu ríkja á R&P.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi munu framlög vegna R&P verða 15 milljarðar kr. árið 2024. Mikilvægt er að setja þessa tölu í samhengi. Þróun síðustu ára sýnir glögg að auknir skattahvatar leiða til aukinna fjárfestinga fyrirtækja í R&P sem leiðir aftur til hærri framlaga ríkisins. Til dæmis nam framlag ríkisins um 3 milljörðum kr. árið 2018 en á sama tíma voru fyrirtæki 37 milljörðum kr. í R&P. Árið 2021 námu framlög ríkisins 10 milljörðum kr. en þá var fjárfesting fyrirtækja í R&P rúmlega 65 milljarðar kr. Skattahvatarnir hafa leitt til mikillar aukningar í fjárfestingu í nýsköpun á Íslandi þar sem stærstur hluti fjármuna kemur frá einkaaðilum, fyrirtækjum. Árið 2022 nam framlag ríkisins 12 milljörðum kr. og spá SI því að fjárfesting fyrirtækja í R&P verði um eða yfir 70 milljarðar kr. það ár en nákvæmar tölur frá Hagstofunni verða birtar í árslok 2023.

Endurgreiðslur ríkisins og fjárfestingar fyrirtækja í rannsóknum og þróun

Í milljörðum kr.



Heimild: Hagstofa Íslands

Framleiðni í hugverkaiðnaði er há og skapar greinin þannig hálaunastörf³. Skattahvatar vegna R&P auka fjárfestingu fyrirtækja í R&P og byggja þannig undir vöxt hugverkaiðnaðar til framtíðar. Þannig stuðla skattahvatar og framlög ríkisins til R&P að aukinni framleiðni í hagkerfinu og bæta lífskjör.

³ [2022 IPR Intensive Industries FullR_en.pdf \(europa.eu\)](#)